

## Skipulag Jarðhitadeildar

**Guðmundur Pálmason**

**Greinargerð GP-88/02**

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild  
1988-11-30

Greinargerð  
GP / 88-02

## SKIPULAG JARÐHITAEILDAR.

Tekur gildi 1. janúar 1989

### ÁGRIP.

Um áramótin 1988-1989 taka gildi nokkrar breytingar á innra skipulagi Jarðhitadeildar. Þær felast aðallega í eftirfarandi:

#### Fagsvið:

Fagdeildir, sem áður voru svo kallaðar, verða eftirleiðis kallaðar fagsvið.

Jarðfræði- og borholujarðfræðideildir verða sameinaðar í eitt fagsvið, jarðfræðisvið.

Borholumælingar verða lagðar niður sem deild, en í stað þeirra kemur forðafræðisvið, sem auk forðafræði spannar yfir fyrra hlutverk borholumælinga.

Komið er á fót nýju sviði, nýtingartækni, en fyrst um sinn mun fagsviðsstjóri vinnslutækni sviðs sjá um hlutverk þess auk vinnslutækninnar.

#### Verkefnisstjórn:

Lagt verður niður starf yfirdeildarstjóra fagdeilda.

Yfirverkefnisstjórn verður skipt í tvennt. Annars vegar er yfirverkefnisstjórn ríkisverkefna ("eigin verka"), sem kostuð eru af almennri fjárveitingu ríkisins, hins vegar yfirverkefnisstjórn söluverka. Í megindráttum verður skiptingin þar á milli samkvæmt orðanna hljóðan. Um verkefnisstjórn ríkisverkefna, sem kostuð eru af séríjærveitingum, verður tekin ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig.

**NÁNARI SKILGREININGAR Á HLUTVERKUM.****Hlutverk fagsviða:*****Jarðfræði:***

Jarðfræðikortlagning, bergfræði, gerð og varsla borholusniða, ummyndun bergs á jarðhitasvæðum, jarðfræðilegt eftirlit borverka, borholuskra, röntgentæki.

***Jarðeðlisfræði:***

Jarðeðlisfræðilegar yfirborðsrannsóknir og hafsbotsrannsóknir, rafeindastofa og rekstur tækja, gagnavarsla.

***Jarðefnafræði:***

Efnafræði vatns og gufu í jarðhitakerfum og borholum, efnainnihald vatns og gufu með tilliti til nothæfni og mengunarhættu, efnagreiningastofa, efnagreiningaþjónusta, gagnavarsla.

***Forðafræði:***

Mat á eiginleikum jarðhitakerfa út frá vinnslugögnum og mælingum, eðlislíkön af jarðhitakerfum og borholum, spár um vinnsluþróun, borholumælingar og varsla mæligagna, vinnslueftirlit, varsla vinnslugagna, mat á vinnslugetu, efnahagsleg forðafræði.

***Vinnslutækni:***

Bortækni, hönnun borhola, verklysingar og útboðsgögn vegna borverka, verkfræðileg umsjón borverka, vinnslutækni í borholum og á yfirborði, tæring og útfellingar, afkastamælingar.

***Nýtingartækni:***

Mat á nothæfni vatns og gufu og á mengunarhættu, tæknilegar og hagrænar athuganir á nýjum eða bættum nýtingartækifærum, samnýting jarðhita og annarra orkulinda, gagnabanki um nýtingu jarðhita almennt.

### Hlutverk fagsviðsstjóra.

Flestir starfsmenn JHD eiga skipulagslega heima á ákveðnu fagsviði. Yfir hverju fagsviði er fagsviðsstjóri. Hlutverk fagsviðsstjóra er m.a.:

- að hafa frumkvæði að og halda uppi faglegi færni á viðkomandi sviði og í því umfangi, sem verkefni deildarinnar krefjast
- að gera tillögur um starfsmannahald og tækjakaup
- að hafa umsjón með fagverkum á sínu sviði og skýrslugerð um þau
- að taka þátt í stefnumótun í verkefnavali JHD með tillögum til forstjóra
- að skipuleggja með yfirverkefnisstjórum mönnun og tímasetningu einstakra verkefna
- að fylgjast með störfum starfsmanna síns fagsviðs
- að árita vinnuskýrslur starfsmanna og gæta þess, að þær séu útfylltar í samræmi við gildandi reglur stofnunarinnar, þ.á.m. yfirvinnureglur útgefnar af orkumálastjóra. Sé fagsviðsstjóri fjarverandi, þegar árita þarf vinnuskýrslur, ber honum að setja staðgengil til að vinna þetta verk.

### Hlutverk yfirverkefnisstjóra.

Yfirverkefnisstjórnunin er í tvennu lagi. Annars vegar eru söluverkefnin en hins vegar ríkisverkefni, sem eru kostuð af fjárveitingu ríkisins. Þessari tvískiptingu er ætlað að tryggja, að ríkisverkefni hafi sama forgang í mannafla og tíma og söluverk.

### Hlutverk yfirverkefnisstjóra ríkisverka er m.a.:

- að skipuleggja ríkisverk deildarinnar og sjá um að þau séu unnin í samræmi við samþykka verkefnafléttu
- að semja við fagsviðsstjóra um mönnun og tímasetningu ríkisverkefna
- að taka þátt í stefnumótun í verkefnavali JHD með tillögum til forstjóra
- að skila reglubundið til forstjóra framvinduskýrslu um stöðu ríkisverka deildarinnar

### Hlutverk yfirverkefnisstjóra söluverka er m.a.:

- að skipuleggja og stjórna söluverkum deildarinnar í samræmi við samþykka verkefnafléttu

- að semja við fagsviðsstjóra um mönnun og tímasetningu söluverkefna
- að taka þátt í stefnumótun í verkefnavali JHD með tillögum til forstjóra
- að skila reglubundið til forstjóra framvinduskýrslu um stöðu söluverka deildarinnar
- að annast undirbúning og gerð samninga um söluverk í samráði við umsjónarmenn söluverka, rekstrarstjóra og fjármálastjóra

#### Hlutverk rekstrarstjóra er m.a.:

- að hafa eftirlit með fjármálum deildarinnar og skila reglubundið til forstjóra framvinduskýrslu um fjárhagslega stöðu deildarinnar
- að taka þátt í gerð fjárlagatillagna deildarinnar
- að taka þátt í gerð verkefna- og fjárhagsáætlunar deildarinnar
- að taka þátt í undirbúningi og gerð samninga um söluverk
- að annast útskrift reikninga fyrir söluverk í samvinnu við Stjórnarsýsludeild
- að annast önnur rekstrarleg samskipti deildarinnar við Stjórnarsýsludeild og aðrar deildir stofnunarinnar

#### Verkefnisstjórar.

Í öllum stærri verkum deildarinnar er settur sérstakur verkefnisstjóri til að sjá um framkvæmd þeirra. Hlutverk hans er m.a.:

- að móta verkefni í samráði við verkkaupa og yfirverkefnisstjóra söluverka eða í samráði við yfirverkefnisstjóra ríkisverka, eftir því um hvers konar verkefni er að ræða. Vandlega sé hugað að þverfaglegum þörfum verkefnis
- að gera verkefnislýsingu með áætlun um vinnutíma og kostnað, ennfremur tillögu til yfirverkefnisstjóra um mönnun verkefnis
- að stýra framkvæmd verkefnis og skýrslugerð þar um, í samræmi við verkefnislýsingu eða samning um verkið
- að halda verkfundi með verkkaupa með reglulegu millibili, þar sem hann sé upplýstur um gang verks. Verkefnisstjóri skal leysa úr þeim vandamálum, sem upp koma. Ákvarðanir séu varðveittar skriflega
- að sjá rekstrarstjóra fyrir upplýsingum til útskriftar reikninga, og láta fylgja skriflega greinargerð eða skýringar eftir því sem óskað er eftir.

**Deildarfundir:**

Deildarfundir eru samráðsvettvangur til að ræða verkefni, fjármál, starfsmannamál svo og önnur mál, sem upp koma. Fundina sitja jafnan forstjóri, yfirverkefnisstjórar og rekstrarstjóri. Fagsviðsstjórar og verkefnisstjórar eru boðaðir á fundina eftir því sem dagskrá gefur tilefni til.

**Jarðhitaskólinn:**

Jarðhitaskólinn er eitt af verkefnum Jarðhitadeildar. Vegna nokkurrar sérstöðu er honum komið fyrir utan við önnur verkefni deildarinnar og heyrir forstöðumaður hans beint undir forstjóra JHD.

Skipurit Jarðhitadeildar

1989-01-01

